

Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um að málsgrein verði bætt við 25. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

25. gr.

Reglur og reglugerðir

Stjórn FSÍ setur reglugerðir/reglur um mótahald, félagaskipti, dómara réttindi, viðurkenningar, styrktarfélag, leyfiskerfi og um annað sem varða rekstur og regluverk sambandsins.

Reglugerð eða reglur stjórnar FSÍ, sem samþykktar eru af stjórn sambandsins með heimild í b. lið 5. gr. eða 1. mgr. 25. gr. laga þessara, og innihalda ákvæði sem leggja fjárhagslegar kvaðir á aðildarfélög, skulu ekki taka gildi fyrr en að fengnu samþykki fimleikaþings.

Verði

25. gr.

Reglur og reglugerðir

Stjórn FSÍ setur reglugerðir/reglur um mótahald, félagaskipti, dómara réttindi, viðurkenningar, styrktarfélag, leyfiskerfi og um annað sem varða rekstur og regluverk sambandsins.

Reglugerð eða reglur stjórnar FSÍ, sem samþykktar eru af stjórn sambandsins með heimild í b. lið 5. gr. eða 1. mgr. 25. gr. laga þessara, og innihalda ákvæði sem leggja fjárhagslegar kvaðir á aðildarfélög, skulu ekki taka gildi fyrr en að fengnu samþykki fimleikaþings.

FSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ, FIG og EG. Reglur og ákvarðanir FSÍ eru bindandi fyrir aðila að FSÍ, félög, iðkendur, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaganna FSÍ.

Greinargerð:

Málsgreininni er bætt við til að skerpa á hlutverki stjórnar Fimleikasambands Íslands og aðildarfélaganna.

Sent til:

Laganefndar

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

_____ nefndar